

ingar kæmi. En Margrét hafði aldrei svo mikið sem um það hugsað og leit eftir föður sínum í mestu sakleysi og afskiftaleysi.

Það var enn þá svo snemma vors að gestirnir í veitingahúsinu voru fáir og komu með löngum millibilum; en lílakrunnarinnir voru í blóma, og veðrið var svo hlýtt að presturinn, dóttir hans og Vilhjálmur borðuðu miðdagsverðinn úti í laufskálanum og hlustuðu á árniðinn og fuglasönginn, sem kvað við í skóginum. Vilhjálmi fór að þykja þessir miðdagsverðir sérlega skemtilegir. Presturinn var reyndar fremur leiðinlegur mótnautur, sem hafði þann síð að dotta við borðið, en hann sagði aldrei ónotayrði. Prestsdóttirin, aftur á móti, átti eins vel við alt sem kringum hana var og hægt var að hugsa sér; og alt sem hún sagði var svo fallegt og viðeigandi að Vilhjálmur gerði sér mjög háa hugmynd um gáfur hennar. Hann gat horft framan í hana þegar hún beygði sig áfram og andlit hennar bar við vaxandi furutré; það var rólegur glampi í augum hennar; ljósið lá eins og skýla utan um hár hennar; eitthvað sem líktist brosi færðist yfir fölleitu-kinnarnar hennar, og Villi gat ekki annað en horft á hana í þægilegri feimni. Hún virtist, jafnvel þegar hún var allra hæglátust, svo fullkomin, svo full af fjöri út í fingurgóma og fötin, sem hún bar utan á sér, að alt umhverfis hana varð að engu í samanburði; og þegar Villi leit af henni á aðra hluti, þá sýndust honum trúnaðar líflaus, skyin hanga í loftinu eins og dauð ferlíki og jafnvel fjallatopparnir töfruðu ekki lengur. Allur dalurinn komst ekki í neinn samjöfnuð, hvað fegurð snerti, við þessa einu stúlku.

Vilhjálmur var ávalt eftirtektarsamur, þegar hann var með fólk; en eftirtekt hans varð næstum átakanlega áköf þegar hann var með Margréti. Hann hlustaði eftir hverju orði, sem hún sagði og leitaði um leið í augum hennar að því sem hún sagði ekki. Mörg góðlátleg, einföld og hreinskili orð bergmáluðu í hjarta hans. Hann sá að sál hennar var í jafnvægi, efaði ekkert, þráði ekkert, var full af friði. Það var ómógulegt að aðskilja hugsanir hennar og útlit. Handahreyfingin, rólega röddin, glampinn í augunum og hver lína á líkama hennar voru í sammæmi við alvarlegu og góðlátlegu orðin sem hún sagði, eins og